Nr. 130 15. janúar 2009

# SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Auðlind – Náttúrusjóð.**

1. gr.

Stofnendur hafa ákveðið að stofna sjóð til verndar íslenskri náttúru. Stofnendur eru 153 sbr. fylgiskjal A, sem telst hluti skipulagsskrár þessarar. Alls eru 12 stofnendur ófjárráða, en um er að ræða lágar upphæðir af þeirra hálfu og eru um sjálfsaflafé þeirra að ræða.

2. gr.

Nafn sjóðsins er Auðlind – Náttúrusjóður. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vernda þjóðararfinn sem felst í náttúru Íslands og stuðla að sjálfbærri nýtingu náttúrunnar. Sjóðurinn mun standa vörð um náttúru Íslands, vatn, vatnafar, endurheimt fyrri landgæða og vistkerfið í heild. Það er markmið sjóðsins að efla virðingu fyrir ómetanlegum gæðum íslenskrar náttúru.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er 852.000 krónur – áttahundruðfimmtíuogtvöþúsund krónur – sem hluti stofnenda lagði fram á stofnfundi 1. desember 2008.

Sjóðinn ber að ávaxta með tryggilegum hætti og ber stjórn sjóðsins ábyrgð á fjárvörslunni. Heimilt er með sérstakri ákvörðun stjórnar að fela sérstökum fjárvörsluaðila vörslur fjármuna sjóðsins. Tekjur sjóðsins eru ávöxtunartekjur, framlög og gjafafé sem stjórnin leitar eftir. Gert er ráð fyrir að úthlutað verði árlega úr sjóðnum nema stjórn ákveði annað.

5. gr.

Þeir einstaklingar, félög og fyrirtæki sem leggja sérstök framlög í sjóðinn, að lágmarki 10.000 kr. til og með 31. desember 2008 eru stofnendur Auðlindar. Stjórn Auðlindar getur valið sér fulltrúaráð sem nefnist Vildarvinir. Vildarvinir skulu vera stjórn til ráðuneytis og stuðnings um hvaðeina sem stjórn óskar eftir.

6. gr.

Auðlind – Náttúrusjóður er sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt skipulagsskrá þessari. Um sjóðinn gilda ákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskránni.

7. gr.

Fé sjóðsins skal varið í þágu markmiða hans með framlögum eða styrkjum til einstaklinga eða félaga samkvæmt umsóknum eða að frumkvæði stjórnar. Skulu styrkir miða að því að hvetja til átaks um verkefni í samvinnu við einstaklinga, félög, fyrirtæki, stofnanir og landsyfirvöld. Átaksverkefni verða innan sjóðsins og nefnast þau fyrstu Votlönd og Assa. Votlönd er samnefnari fyrir verkefni um endurheimt votlendis og Assa er samnefnari fyrir verkefni sem lúta að verndun arnarins. Stjórn getur stofnað til annarra átaksverkefna. Heimilt er að nýta fjármuni sjóðsins til að eiga samvinnu á alþjóðlegum vettvangi enda sé hún í samræmi við tilgang sjóðsins.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð sjö mönnum og sjö til vara. Varamenn eiga rétt til setu á stjórnarfundum og hafa þar tillögurétt. Tilgreindur varamaður er fyrir hvern aðalmann. Stjórnarmenn skulu skipaðir til þriggja ára í senn.

Á fyrsta ársfundi skv. 9. gr., árið 2009, skal sitjandi stjórn tilnefna þrjá stjórnarmenn til þriggja ára og þrjá varamenn þeirra. Næsta ár skal stjórn tilnefna tvo aðalmenn og tvo varamenn og þriðja árið tvo aðalmenn og tvo varamenn þeirra**.** Stjórn heldur fundi svo oft sem tilefni er til eða að beiðni a.m.k. tveggja stjórnarmanna. Stjórnarmenn fá ekki þóknun fyrir störf sín en greiða má þeim útlagðan kostnað vegna starfa sinna.

Fyrsta stjórn sjóðsins er skipuð fulltrúum úr hópi stofnenda, þeir eru:

| | |
|---|---|
| Guðmundur Páll Ólafsson, | kt. 020641-3989, Neskinn 1, 340 Stykkishólmi |
| Haraldur Sigurðsson, | kt. 310539-4579, Bókhlöðustíg 10, 340 Stykkishólmi |
| Ívar Kristjánsson, | kt. 011069-5099, Boðagranda 20, 107 Reykjavík |
| Orri Vigfússon, | kt. 100742-2339, Grænuhlíð 11, 105 Reykjavík |
| Salvör Jónsdóttir, | kt. 251259-2759, Fjörugranda 2, 107 Reykjavík |
| Ragnhildur Sigurðardóttir | kt. 260466-4299, Stokkseyrarseli, 801 Selfossi |
| Þórólfur Árnason, | kt. 240357-5269, Bergstaðastræti 80, 101 Reykjavík |

9. gr.

Ársfund Auðlindar skal halda fyrir 1. maí ár hvert. Til ársfundar skal boða með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Rétt til setu á ársfundi hefur stjórn ásamt varamönnum auk stofnenda, Vildarvina og verndara sjóðsins, sbr. 12. gr. Æðsta vald í málefnum sjóðsins hefur stjórnin og aðeins hún hefur atkvæðisrétt á ársfundum.

Á dagskrá ársfundar skal vera:

a. Kjör fundarstjóra og annarra embættismanna fundarins.
b. Skýrsla stjórnar og umræður um hana.
c. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
d. Tilnefning stjórnarmanna.
e. Önnur mál.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema með samþykki fimm stjórnarmanna hið minnsta enda fái skipulagsskrá þannig breytt samþykki viðeigandi stjórnvalds skv. lögum nr. 19/1988. Tillögur um breytingar skulu berast stjórn skriflega eigi síðar en viku fyrir ársfund og skuli þær liggja frammi á fundinum. Ekki er heimilt að breyta tilgangi sjóðsins skv. 3. gr.

11. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal stjórnin ráða löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga sjóðsins. Fyrsta reikningstímabil sjóðsins er almanaksárið 2009. Endurskoðaðan reikning ásamt skýrslu stjórnar um hvernig fé sjóðsins var ráðstafað á árinu skal senda til Ríkisendurskoðunar eigi síðar en 30. júní ár hvert.

12. gr.

Stjórnin getur valið sérstaka verndara sjóðsins sem hefur rétt til setu á stjórnarfundum Auðlindar og tillögurétt. Fyrsti verndari sjóðsins er frú Vigdís Finnbogadóttir.

13. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra, starfsmenn og verktaka til að vinna að markmiðum og verkefnum sjóðsins. Framkvæmdastjóri hefur umsjón með almennum verkefnum og situr fundi sjóðsins sem ritari og hefur tillögurétt án atkvæðisréttar.

14. gr.

Sjóðurinn verður ekki lagður niður nema með samþykki allra stjórnarmanna. Skulu eignir hans þá renna óskiptar til félagasamtaka eða stofnana er vinna að markmiðum sambærilegum þeim sem sjóðurinn hefur, samkvæmt ákvörðun stjórnarinnar. Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á niðurlagningu sjóðsins.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með skv. lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr.19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 15. janúar 2009.*

**Ríkarður Másson.**

*Helgi Már Ólafsson.*

**Fylgiskjal A.**

**Stofnendur Auðlindar – Náttúrusjóðs.**

| Nafn stofnanda Auðlindar | Kennitala | Upphæð |
|---|---|---|
| Almenningur ehf. | 580405-1850 | 10.000 |
| Andri Snær Magnason | 140773-5229 | 10.000 |
| Anna Vilborg Einarsdóttir | 250754-5829 | 10.000 |
| Argos ehf. | 500591-2189 | 10.000 |
| Arna Ösp Magnúsardóttir | 250884-2499 | 10.000 |
| Arnar Óli Ingvarsson | 060605-2380 | 10.000 |
| Arnkatla Ívarsdóttir | 160800-2320 | 10.000 |
| Arnór Víkingsson | 061159-2319 | 10.000 |
| Arnór Þ. Sigfússon | 071158-5279 | 10.000 |
| Atie Bakker | 130664-7099 | 10.000 |
| Atli Gíslason | 120847-2369 | 10.000 |
| Ágústa Gísladóttir | 040158-2359 | 15.000 |
| Árni B. Stefánsson | 300349-3239 | 10.000 |
| Árni Bragason | 150753-4229 | 10.000 |
| Árni Geirsson | 131260-2379 | 10.000 |
| Ása Bergný Tómasdóttir | 280497-2829 | 10.000 |
| Ásdís Thoroddsen | 260259-5129 | 10.000 |
| Áshildur Haraldsdóttir | 210965-4919 | 15.000 |
| Áshildur Jónsdóttir | 270598-2939 | 10.000 |
| Ásta Svavarsdóttir | 190155-3909 | 10.000 |
| Ástríður Tómasdóttir | 061089-2339 | 10.000 |
| Baldur Bergsteinsson | 100823-3819 | 10.000 |
| Berglind Orradóttir | 230170-4019 | 10.000 |
| Bergljót Anna Haraldsdóttir | 311062-6549 | 15.000 |
| Birgir Dýrfjörð | 261035-2519 | 10.000 |
| Bjarni Össurarson Rafnar | 160668-5049 | 10.000 |
| Björk Guðmundsdóttir | 211165-3839 | 20.000 |
| Blær Guðmundsdóttir | 250673-4939 | 10.000 |
| Borealis arkitektar ehf. | 470699-2809 | 10.000 |
| Bryndís Brandsdóttir | 270953-2479 | 10.000 |
| Bryndís Guðmundsdóttir | 300772-2939 | 10.000 |
| Eggert Árni Gíslason | 240761-2119 | 10.000 |
| Elvar Aron Friðriksson | 101000-3540 | 10.000 |
| Erla Björk Örnólfsdóttir | 230766-5259 | 10.000 |
| Friðbjörg Ingimarsdóttir | 080859-4149 | 10.000 |
| Fríða Jóhanna Ísberg | 191292-2949 | 10.000 |
| Fuglaverndarfélag Íslands | 500770-0159 | 10.000 |

| Nafn stofnanda Auðlindar | Kennitala | Upphæð |
|---|---|---|
| GPÓ ehf. | 440604-3580 | 10.000 |
| Guðmundur Eiríksson | 261047-6599 | 10.000 |
| Guðmundur Guðjónsson | 270153-4459 | 10.000 |
| Guðmundur Páll Ólafsson | 020641-3989 | 10.000 |
| Guðni Hjörleifsson | 170553-5199 | 10.000 |
| Guðríður Þorvarðardóttir | 181252-4139 | 10.000 |
| Guðrún Agnarsdóttir | 020641-3639 | 10.000 |
| Guðrún Ásmundsdóttir | 191135-4079 | 10.000 |
| Guðrún Gísladóttir | 160756-2929 | 10.000 |
| Guðrún Hallgrímsdóttir | 051141-3779 | 10.000 |
| Guðrún Ósk Óskarsdóttir | 300375-4139 | 10.000 |
| Hafdís Hanna Ægisdóttir | 201076-4399 | 10.000 |
| Halla Brynhildur Guðmundsdóttir | 150984-2629 | 10.000 |
| Halldóra Hreggviðsdóttir | 250159-4399 | 10.000 |
| Haraldur Sigurðsson | 310539-4579 | 15.000 |
| Harpa Steingrímsdóttir | 041279-3469 | 10.000 |
| Helgi Páll Jónsson | 120777-5729 | 10.000 |
| Herdís Zophoníasdóttir | 090448-2349 | 10.000 |
| Hildur Hermóðsdóttir | 250750-3829 | 10.000 |
| Hilmar J. Malmquist | 300157-4759 | 10.000 |
| Hjörleifur Guttormsson | 311035-6659 | 10.000 |
| Hjörtur Sævar Steinarsson | 210561-2939 | 10.000 |
| Hlynur Óskarsson | 280860-3529 | 25.000 |
| Hrafnhildur Snædal Ólafsdóttir | 190536-3949 | 10.000 |
| Hrafnkatla Ívarsdóttir | 140403-3340 | 10.000 |
| Hulda Orradóttir | 050574-0479 | 10.000 |
| Hulda Steingrímsdóttir | 260671-4999 | 10.000 |
| Indriði H. Þorláksson | 280940-4619 | 10.000 |
| Ingibjörg Snædal Guðmundsdóttir | 250581-4599 | 10.000 |
| Ingunn K. Jakobsdóttir | 031048-7619 | 10.000 |
| Ívar kristjánsson | 011069-5099 | 10.000 |
| Jafet Ólafsson | 290451-4699 | 10.000 |
| Jóhann Ísberg | 030259-7349 | 10.000 |
| Jóhann Þórsson | 171065-4969 | 10.000 |
| Jón Atli Árnason | 190759-4159 | 10.000 |
| Jón Freyr Finnsson | 140676-5439 | 10.000 |
| Jón Gunnar Baldvinsson | 060644-2769 | 10.000 |
| Jón Gunnar Ottósson | 271150-2109 | 10.000 |
| Jón Hjartarson | 260638-4839 | 10.000 |
| Jón Sigurðsson | 060351-5979 | 10.000 |
| Jórunn Eyfjörð | 250546-2469 | 60.000 |
| Júlíus Valsson | 231053-2049 | 15.000 |
| Karólína Hulda Guðmundsdóttir | 040560-2709 | 10.000 |
| Katrín Björgvinsdóttir | 260259-7419 | 10.000 |
| Klemens Ólafur Þrastarson | 271075-4219 | 25.000 |
| Kolbrún Silja Ásgeirsdóttir | 170674-3249 | 10.000 |
| Kolmúli ehf. | 640498-2189 | 10.000 |
| Kristín Róbertsdóttir | 260659-4809 | 10.000 |
| Kristín Sv. Tómasdóttir | 201185-3009 | 10.000 |

| Nafn stofnanda Auðlindar | Kennitala | Upphæð |
|---|---|---|
| Kristín Svavarsdóttir | 010759-3319 | 10.000 |
| Kristjana Höskuldsdóttir | 120732-2489 | 10.000 |
| Landvernd | 640971-0459 | 50.000 |
| Laxárfélagið, Reykjavíkurdeild | 450471-0469 | 10.000 |
| Lexista ehf. | 470606-0100 | 10.000 |
| Liður ehf. | 701202-3250 | 200.000 |
| Liljan ehf. | 640898-2409 | 10.000 |
| Magnús Hallur Jónsson | 050987-2729 | 10.000 |
| Margrét Baldursdóttir | 280359-3519 | 10.000 |
| Margrét S. Torp | 150373-4259 | 10.000 |
| Marinella Ragnheiður Haraldsdóttir | 140933-2799 | 10.000 |
| María Ellingsen | 220164-4469 | 10.000 |
| María H. Þorsteinsdóttir | 250243-4139 | 10.000 |
| Matthildur Friðriksdóttir | 290704-2940 | 10.000 |
| Morten Lange | 010864-2169 | 15.000 |
| NASF | 550692-2449 | 10.000 |
| Náttúrustofa Vesturlands | 420299-2659 | 10.000 |
| Orri Vigfússon | 100742-2339 | 200.000 |
| Ólafur Hannibalsson | 061135-3679 | 10.000 |
| Ólafur Páll Jónsson | 190869-4909 | 10.000 |
| Ólafur S. Andrésson | 091051-4519 | 10.000 |
| Ólafur Örn Haraldsson | 290947-3839 | 10.000 |
| Ólöf K. Eldjárn | 030747-2249 | 10.000 |
| Ólöf Sara Árnadóttir | 290677-3869 | 10.000 |
| Ómar Ragnarsson | 160940-4929 | 10.000 |
| Óskar Magnússon | 130454 5699 | 15.000 |
| Páll Ísólfur Ólason | 260677-4039 | 10.000 |
| Pétur Már Pétursson | 110578-3939 | 10.000 |
| Ragnheiður Ásmundardóttir | 060943-2229 | 10.000 |
| Ragnheiður Jóna Jónsdóttir | 190360-4239 | 10.000 |
| Ragnhildur Sigurðardóttir | 260466-4299 | 10.000 |
| Rannveig Sigurðardóttir | 280653-4549 | 10.000 |
| Rósa Björk Þorbjarnardóttir | 300331-2389 | 10.000 |
| Rósa Þorsteinsdóttir | 120858-3359 | 10.000 |
| Rúrí | 200251-2379 | 10.000 |
| Rögnvaldur Jóhann Sæmundsson | 030368-3479 | 10.000 |
| Rökkvi Steinn Finnsson | 280397-2029 | 10.000 |
| Salka Finndóttir | 120306-2430 | 10.000 |
| Salvör Jónsdóttir | 251259-2759 | 10.000 |
| Sigríður Hanna Jóhannesdóttir | 281154-7299 | 10.000 |
| Sigríður M. Vigfúsdóttir | 020554-2159 | 10.000 |
| Sigrún Björnsdóttir | 190956-5399 | 10.000 |
| Sigrún Helgadóttir | 220949-7299 | 10.000 |
| Sigurborg Stefánsdóttir | 280159-7519 | 10.000 |
| Sigurður A. Þráinsson | 010855-4039 | 10.000 |
| Sigurður Pálmason | 130854-5839 | 10.000 |
| Sigurður Torfi Sigurðsson | 100169-3559 | 10.000 |
| Sigurkarl Stefánsson | 221156-1969 | 10.000 |
| Snorri Baldursson | 170554-5589 | 10.000 |

| Nafn stofnanda Auðlindar | Kennitala | Upphæð |
| --- | --- | --- |
| Snorri Þór Sigurðsson | 141163-4269 | 10.000 |
| Solveig K. Jónsdóttir | 041057-4599 | 10.000 |
| Solveig María Ívarsdóttir | 060691-2829 | 10.000 |
| Sproti ehf. | 410785-0809 | 10.000 |
| Steinar Ingi Ingvarsson | 080408-2420 | 10.000 |
| Steingrímur Eiríksson | 080251-2119 | 10.000 |
| Svavar Sigmundsson | 070939-2319 | 10.000 |
| Tómas R. Einarsson | 250353-4059 | 10.000 |
| Umís ehf. | 540300-2250 | 10.000 |
| Una Jónsdóttir | 051189-3029 | 10.000 |
| Unnur Kristinsdóttir | 030742-2659 | 10.000 |
| Valgarður Egilsson | 200340-6479 | 10.000 |
| Veiðiklúbbur Íslands ehf. | 571202-2120 | 10.000 |
| Vigdís Ágústsdóttir | 090644-2389 | 10.000 |
| Vigdís Finnbogadóttir | 150430-2329 | 150.000 |
| Vigfús Orrason | 100572-5969 | 10.000 |
| Þorbjörg Anna Gísladóttir | 291201-3770 | 10.000 |
| Þorleifur Hauksson | 211241-4899 | 10.000 |
| Þóra Ellen Þórhallsdóttir | 220654-2739 | 24.000 |
| Þórólfur Árnason | 240357-5269 | 10.000 |
| Þröstur Ólafsson | 041039-3109 | 10.000 |
| Örn Þorleifsson | 211138-2709 | 10.000 |

B-deild – Útgáfud.: 9. febrúar 2009